

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

um norðanvert Snæfellsnes 28. ágúst 2023



Samantekt unnin af starfsmanni Breiðafjarðarnefndar, Jakobi Johanni Stakowski.

Forsíðumynd: Horft frá Þjóðvegi í aust-suðaustur inn Seljafjörð á norðanverðu Snæfellsnesi. Frá vinstri ber Seljafell, Kerlingarfjall, Hafrafell og Horn við himin. Ljósmynd: Wikimedia Commons.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	- 1 -
Inngangur	- 2 -
Þátttaka	- 3 -
Dagskrá og nánari lýsing ferðadaganna:	- 3 -
Mánudagur 28. ágúst – Vettvangsferð	- 4 -
Þriðjudagur 29. ágúst - Fundur	- 6 -
Þakki.....	- 6 -

Inngangur

Að venju fór Breiðafjarðarnefnd í árlega vettvangsferð um Breiðafjarðarsvæðið sumarið 2023. Tilgangur vettvangsferðar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, ásamt því sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar, t.d. umsögnum hennar um framkvæmdir. Síðan 2020 hafa vettvangsferðir líka fengið það hlutverk að koma Breiðafjarðarnefnd saman þar sem flestir fundir nefndarinnar eru orðnir fjarfundir og gefst nefndarfólki því ekki oft tækifæri til að hittast í raunheimum.

Vettvangsferð ársins 2022 var um Reykhólahrepp og Dalabyggð en um þá ferð má lesa á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2023/09/Vettvangsferd-2022.pdf>.

Breiðafjarðarnefnd ákvað að fara um norðanvert Snæfellesnes í ár og skoða nokkur svæði sem tengjast málefnum Breiðafjarðar síðustu árin. Nefndin vildi svo kynna sér sérstaklega tvö strandvötn við Breiðafjörð, Lárvaðal og Hraunsfjörð, til að kanna mögulega endurheimt þeirra.

Viðkomustaði nefndarinnar má sjá á mynd 1.



Mynd 1: Áfangastaðir Breiðafjarðarnefndar í vettvangsferð sumarið 2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, var boðið að koma í vettvangsferðina en boðaði forföll vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Nokkrir makar nefndarfólks mættu í ferðina.



Nefndin fékk í ferðinni kynningar frá fagaðilum sem gáfu innsýn í efnahagslíf, menningarsögu, landslag og náttúrufer svæðisins.

Pátttaka

Allir fulltrúar Breiðafjarðarnefndar og starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mættu í ferðina að undanskildum Sigurði Halldóri Árnasyni. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, komst ekki í ferðina.

Fulltrúar Breiðafjarðarnefndar voru Erla Friðriksdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Magnús A. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir og Arnar Kristjánsson. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar var Jakob Johann Stakowski.

Dagskrá og nánari lýsing ferðadaganna:

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar var farin 28. ágúst 2023. Dagskrá ferðarinnar spannaði hins vegar tvo daga þar sem Breiðafjarðarnefnd nýtti tækifærið til að halda staðarfund 29. ágúst í Stykkishólmi. Dagskrá ferðar í heild sinni er hægt að sjá á mynd 2.

Mánudagur 28. ágúst

10.00	Brottför úr Stykkishólmi (Ráðhús)
10.45	Brottför úr Grundarfirði (Ráðhús)
11.00 – 11.45	Lárvaðall – Skerðingsstaðir
12.00 – 13.15	Hádegisverður - Bjargarsteinn Grundarfjörður
13.30 – 15.00	Bátsferð - Grundarfjörður
15.15 – 16.00	Hraunsfjörður
16.30 – 17.15	Kaffi - Hótel Stundarfriður
17.30 – 18.30	Hvildartími - Hótel Stykkishólmur
18.30 – 19.45	217. fundur Breiðafjarðarnefndar – Fundarherbergi Hótel Stykkishólmur
20.00	Kvöldverður - Hótel Stykkishólmur



Þriðjudagur 29. ágúst

9.30 – 12.00	217. fundur Breiðafjarðarnefndar – Ráðhús Stykkishólms
12.00 – 12.45	Hádegisverður



Hér á eftir fylgir nánari lýsing á ferðinni.

Mánudagur 28. ágúst – Vettvangsferð

Mánudeginum 28. ágúst var varið í ferðalag um norðanvert Snæfellsnes. Ekið var frá Grundarfirði að Lárvaðli rétt vestan Grundarfjarðar, þar sem stoppað var við Skerðingsstaði. Fyrirhugað er að byggja hótél í landi Skerðingsstaða og hefur málið komið til umsagnar Breiðafjarðarnefndar undanfarin ár. Breiðafjarðarnefnd ákvað að kynna sér svæðið þar sem hótelið á að rísa og skoða m.a. minjar á svæðinu. Breiðafjarðarnefnd skoðaði einnig strandvatnið sem er innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar. Lárós eða Lárósarvatn, sem er oftast merkt Lárvaðall á kortum, var stíflað við ósinn (Lárós) fyrir fiskeldi 1965. Fiskeldi lagðist af fyrir löngu en stíflan stendur enn og heldur áfram að hindra innstreymi sjávar um Lárós. Breiðafjarðarnefnd hefur haft til skoðunar mögulega endurheimt nokkurra svæða innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar og er Lárós/Lárvaðall eitt þeirra.

Breiðafjarðarnefnd fékk kynningu um Lárvaðal frá fiskifræðingi Hafrannsóknastofnunar, Sigurði Má Einarssyni. Sigurður Már er sérfræðingur á sviði ferskvatnsfiska og gerði grunnrannsókn á fiskalífi í Lárvaðli árið 2021. Sigurður sagði frá helstu breytingum sem hafa átt sér stað í Lárvaðli frá stíflun Láróss og að fuglalífið hafi breyst til muna samtímis breytingum undir vatnsyfirborði. Enn er dálítill selta í vatninu vegna þess að sjór flæðir inn um stífluop við háflóð og í gengum stíflugarð vegna eðlis garðsins sem er búinn til úr stórgrýti.

Að mati Sigurðar er Lárós dæmi um manngerða breytingu á landslagi sem leiddi til bættra aðstæðna fyrir nokkrar ferskvatnsfiskategundir og margar fuglategundir sem hafa sest að á svæðinu á síðustu áratugum. Endurheimt náttúrulegs ástands væri þannig ekki endilega ákjósanleg út frá fjölbreytni fiska- og fuglategunda. Hópurinn hélt áfram ferð sinni og stoppaði í Grundarfirði þar sem farið var í stutta kynningarferð um sjávarútvegsfyrirtæki G.Run. Arnar Kristjánsson, nefndarmaður og skipstjóri hjá G.Run, kynnti fyrirtækið áður en farið var í hádegisverð á Mathúsinu Bjargarsteini.

Eftir hádegisverð hélt hópurinn áfram að kynna sér verndarsvæði Breiðafjarðar og jaðarsvæði þess og sigldi á bátnum Eyrúnu að Kirkjufelli. Stoppað var við Grundarfjarðarvita, sem er óstarfhæfur viti undir Kirkjufelli. Breiðafjarðarnefnd fékk kynningu um vita- og menningarsögu svæðisins frá Sævari Pálssyni, sem hefur endurbyggt vitann á síðustu árum. Breiðafjarðarnefnd og Sævar hafa verið í samskiptum í nokkur ár vegna verkefnisins „Grundarfjarðarviti, sögupóstar og sagan,“ sem hefur að

markmiði að setja upp upplýsingaskilti á svæðinu og í stafrænum heimi á netinu. Til stendur að Sævar og Breiðafjarðarnefnd auki samstarfið á næstu árum til að koma verkefninu til framkvæmdar. Á heimleið til hafnar fór hópurinn fram hjá Melrakkaey, sem var friðlýst fyrst allra Breiðafjarðareyja árið 1971, 24 árum áður en lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar voru sett. Ekki er heimilt að fara í land í Melrakkaey vegna viðkvæms fuglalífs og kynnti hópurinn sér eyjuna úr fjarlægð frá bátnum.

Eftir landgöngu í Grundarfirði var farið í Hraunsfjörð þar sem hópurinn kynnti sér annað svæði sem nefndin hefur haft til skoðunar vegna mögulegrar endurheimtar. Arnar Kristjánsson sagði frá sögu stíflunar Hraunsfjarðar og Sigurður Már Einarsson sagði frá breytingum á lífríki sem hafa átt sér stað í Hraunfirði vegna stíflunnar. Sigurður ræddi mögulega endurheimt svæðisins og bíður Hraunsfjörður að hans mati upp á miklu skilvirkari endurheimt en Lárvaðal.

Hópmýnd náðist af hópnum við stífluna í Hraunfirði (mynd 4).



Mynd 2: Fulltrúar Breiðafjarðarnefndar ásamt mökum og sérfræðingum á stíflunni við Mjósund í Hraunfirði. Sævar Pálsson, sem kynnti fyrir hópinn menningarsögu Kirkjufells og sögu Grundarfjarðarvitans er 1. frá hægri og Sigurður Már Einarsson, sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, er 2. frá hægri. Ljósmynd: Valdís Einarsdóttir.

Eftir stöpp í Hraunfirði var haldið í Sauraskóg þar sem hópurinn fékk kaffi og nýtti tækifæri til að horfa yfir hluta af stærsta birkiskógi Snæfellsness, sem liggur við jaðar verndarsvæðisins.

Deginum lauk í Stykkishólmi þar sem Breiðafjarðarnefnd hélt fund og borðaði kvöldverð þar sem spjallað var m.a. um málefni Breiðafjarðar.

Þriðjudagur 29. ágúst - Fundur

Þriðjudaginn 29. ágúst hélt Breiðafjarðarnefnd áfram með fund sinn frá 28. ágúst og svo héldu nefndarmenn heim eftir hádegi.

Þakkir

Breiðafjarðarnefnd vill þakka öllum sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd ferðarinnar. Þar ber helst að nefna:

- Sigurður Már Einarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.
- Sævar Pálsson
- Runólfur Kristjánsson, skipstjóri báts Eyrúnar
- Arnar Kristjánsson
- G.Run
- Mathúsið Bjargarsteinn
- Hótel Stundarfriður
- Hótel Stykkishólmur

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar